



Pési

Næsti Pési kemur út í mars 2017. Efni þarf að berast í síðasta lagi **3. mars** 2017.



Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Munið skilalúguna! ☺

Verið hjartanlega velkomin.


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



leitir.is



Gegnir

Sundlaugin á Flúðum.

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Mánudaga - fimmtudaga 16:00-21:30.

Föstudaga: 13:00-18:00

Opið um helgar ef mót eru í gangi í húsinu



febr 2017
Rítstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

27. árgangur.
312.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Febrúarmánuður er runninn upp með hinum hefðbundna þorra. Reyndar er þetta skrýtinn þorri, alla vega er enginn þorraþræll í gangi, hálfgerð haustverður. Daginn lengir og það er greinilegt að góð tíð þýðir að mikið af ferðamönnum er á ferðinni en það er orðin ansi góð samfella í ferðamannastraumnum árið um kring. Árlegt þorrablot kvenfélagsins var haldið um daginn og heppnaðist það í alla staði vel. Gott framtak hjá þeim kvenfélagskonum sem í leiðinni styrkja gott málefni sem að þessu sinni var Batasetur Suðurlands sem á sér rætur að rekja til hennar Jónu Heiðísar í Áshlíð. Þá er einnig til fyrirmyndar hjá þeim kvenfélagskonum að auglýsa blótið líka á pólsku því við eigum að gera allt til að toga nýja íbúa Hrunamannahrepps inn í okkar menningu á jákvæðan hátt.

Þessu tengdu er annað verkefni er að klárast og það er upplýsingaöflun eða upplýsingargjöf fyrir nýja íbúa í Hrunamannahreppi. Upplýsingabæklingur er tilbúinn ásamt gögnum frá leik- og grunnskóla og allan pakkann er einnig búið að þýða á pólsku og ensku. Þessi gögn verða síðan gerð aðgengileg á heimsíðum stofnana sveitarfélagsins og síðan stendur til að senda nýjum íbúum mánaðarlega upplýsingar í pósti eða eftir öðrum leiðum. Sveitarfélagið getur nefnilega núna fylgst með því hverjir flytja til og frá sveitarfélaginu með samningi við hugbúnaðarfyrirtækið Ferli. Samhliða þessu munu atvinnurekendur geta fengið hjá okkur slíkan bækling til að dreifa til sinna starfsmanna. Þetta ásamt vonandi hvatningu til íbúa með annað móðurmál en íslensku að ná tókum á málinu ylhýra leiðir vonandi til betri aðlögunar fyrir alla.

Annars er okkur ekki að fjölga um þessi áramót, trúlega erum við aftur sigin niður fyrir 800 manna múrinn. Ástæða þess er að hluta til að tekið hefur verið til í lögheimilisskráningunni en það hafa verið ansi margir einstaklingar af erlendum uppruna sem hafa endað með draugaskráningu sem hafa verið að vinna hér tímabundið en síðan hefur verið vanrækt að afskrá sig. Vil ég hvetja atvinnurekendur og aðra að reyna að passa upp á að þeir sem flytja burtu afskrái sig.

Það er gaman að sjá hvað stækkunin á Vínbúinni á Flúðum hefur komið vel út. Andlit Akurgerðis 4 lítur öðru vísi út eftir að búið er að opna að húsinu og ég veit að aðstaðan, sérstaklega fyrir starfsfólk, hefur bæst verulega. Lagerrými var alltof lítið miðað við umsvifin sem búið er m.a. að bæta úr.

ÁTVR ætlar síðan í vor að taka lóð og húsið í gegn að utan sem verður mikil andlitslyfting. Síðan er nú alltaf verið að pikka í einkaleyfi ÁTVR en mín skoðun er nú samt sú að okkur veitir ekki af því að hafa ákveðna aðgangsstýringu á áfengi og ég held að það sé heppilegra að hafa þetta form áfram að sinni. Síðan vil ég vekja athygli á því að „heiti potturinn“ fyrir utan vínbúðina á Flúðum er til sölu og endilega hafið sambandi við okkur ef þið viljið eignast þennan dýrgrip.

Sveitarfélagið hefur tekið þá ákvörðun að fjölga gjalddögum fasteignagjalda úr 6 í 8. Vonandi leiðir það til þess að auðveldara verður fyrir fólk að greiða sína skatta til samfélagsins þó skilvísí fólks hafi almennt verið mjög góð í Hrunamannahreppi. Það þarf kannski ekki alltaf stórar aðgerðir til þess að auðvelða íbúum og gjaldendum lífið. Vegna áramóta þá kemur alltaf upp smá samanburðarfræði milli ára og núna liggur t.d. fyrir að aðsókn í sundlaug og tækjasal íþróttahúss hefur aukist töluvert á milli ára. Það er jákvætt að íbúar og gestir séu að nýta sér þjónustuna en hins vegar er ljóst að við getum tekið á móti mikið fleirum. Ég vil sérstaklega vekja athygli á fjölskyldutímum í íþróttahúsinu á föstudögum milli 16:00 og 18:00 og hvet foreldra, börn og stórfjölskylduna til að nýta sér, en þessi tími er hugsaður sem möguleiki til að eiga gæðastund með fjölskyldunni og efla fjölskylduna í gegn um leik.

Núna er orðið ljóst að Hrunamannahreppur komst inn í pott Fjarskiptasjóðs um styrk vegna lagningu á ljósleiðara í dreifbýli. Það þýðir að við munum fara af stað með slíka vinnu með það fyrir augum að tengja rúmlega 100 tengingar á þessu ári. Það er ekki ljóst hvaða fyrirkomulag verður á þessari vinnu en það ætti að skýrast á næstu vikum en það er ljóst að vilji er til þess að Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur vinni saman að þessu máli.

Það var gaman að taka þátt í degi leikskólans þann 6 febrúar sl. en eins og kunnugt er þá er sett upp listasýning leiksskólabarna með meiru í verslun Samkaup Strax á Flúðum. Það er alltaf jafn gaman að sjá hvernig okkar yngstu íbúar sjá heiminn fyrir sér og kannski sjá þau heiminn eins og hann raunverulega er. Til gamans má einnig geta þess að „stóru börnin“ fá stundum einnig að leika sér en um daginn skoraði Gettu betur lið ML á Hrunamannahrepp til að taka æfingaspurningarkeppni við liðið. Úrslitin voru síðan góð fyrir annað liðið. Það er gaman að hafa þessi tengsl við framhaldsskóla svæðisins en þess má geta að ML hefur með reglulegum hætti verið að nýta sér aðstöðuna í félagsheimilinu til nokkurra af stærri viðburðum skólans.

Að lokum vil ég þakka þeim Grími og Guðbjörgu í Ástúni fyrir góða gjöf til íþróttahússins á Flúðum en þau færðu sveitarfélaginu að gjöf hjartastuðtæki sem var áður í golfskálanum í Ásatúni. Það er alltaf gott þegar fólk hugsar hvað það getur gert samfélaginu til bóta.

Ég vil síðan óska öllum góðs þorra og enn betri góu.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



Foreldrafélag leikskólans Undralands var tilnefnt til Menntaverðlauna Suðurlands í desember, hér gefst kostur á að lesa rökstuðning með tilnefningunni. Við eigum frábært foreldrafélag sem við viljum kynna fyrir ykkur.

Foreldrafélagið hefur til margra ára stutt dyggilega við starf leikskólans, keypt kennslugögn, borgað námskeiðsgjöld og staðið fyrir margskonar árlegum upptökum.

Foreldrafélagið kom færandi hendi með ungbarnarólur handa okkur í vor en leikskólinn tekur börn í vistun frá eins árs aldri þannig að rólurnar eru mikið notaðar.

Sem dæmi um kennslugögn sem félagið hefur keypt handa okkur er „Lubbi finnur málbein“ en það er kennsluefni sem er ætlað til að efla hljóðkerfisvitund sem er mikilvæg í tengslum við læsi og lestur. Með samþættingu sjón-, heyrnar og hreyfi-/snertiskyns, þar sem táknrænar hreyfingar fyrir hvert málhljóð undirstrika eiginleika og sérkenni hljóðsins, eru þau gerð sýnileg og nánast áþreifanleg. Fjölbætt vistun málhljóðanna í minni auðveldar börnum að kalla þau fram, hratt og örugglega, sem þrívíddarmynd á breiðtjaldi hugans, m.a. þegar kemur að því að umskrá bókstafi í hljóð við upphaf lestarnáms. Hljóðasmiðja Lubba leiðir börnin áfram allt frá fyrsta aldursári, þegar þau hafa forsendur til að upplifa og prófa sig áfram með hljóðmyndun, og svo koll af kolli þar til sjálfvirkni í umskráningu er náð með öflugri brúarsmíð á milli málhljóða og bókstafa. Hér er lagður grunnur að lestrarnámi barna. Foreldrafélagið gefur leikskólanum jólagjöf á hverju ári og erum við beðin um óskalista. Einnig fá börnin gjöf frá jólasveininum á jólaballinu og til gamans má geta þess að í ár fengum við nýtt jólatré að gjöf frá félaginu.

Jólagjöfin í ár er kassi með vináttuverkefni Barnaheilla en það er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla. Efnið heitir á frummálinu *Fri for mobberi* og er þýtt, staðfært, framleitt og gefið út í samstarfi við Red barnet – Save the Children og Mary Fonden í Danmörku. *Fri for mobberi* er einnig til fyrir yngstu bekki grunnskóla í Danmörku.

Mikil ánægja er með verkefnið þar sem það er notað og rannsóknir í Danmörku leiða í ljós mjög góðan árangur af notkun þess.

Vinátta eða *Fri for mobberi* byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu samofin öllu skólastarfinu auk raunhæfra verkefna fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra.

Leikskólar sem vilja nota efnið þurfa að fara á námskeið til að fá leyfi til að nota það. Með kassanum fylgir námskeið fyrir tvo starfsmenn leikskólans, einnig gjöf frá foreldrafélaginu.

Félagið sér um veitingar á vorhátíð, grillar fyrir börn og foreldra. Það styrkir okkur með því að borga rútuferðir fyrir okkur t.d. í Slakka á haustin og í fjöruferð á vorin.

Á hverju ári er okkur boðið á leiksýningu sem foreldrafélagið sér um að panta og skipuleggja í samstarfi við okkur.

Öskudagsskemmtun er alfarið á vegum foreldrafélagsins, okkur er boðið upp á heimagert leikrit sem stjórn foreldrafélagsins semur og leikur. Þau kaupa innihaldið í kassana góðu sem slegið er úr og öll börn fá nammi í poka með sér heim í þeirra boði.

Farið er í vorferð og einnig stendur félagið fyrir dagsferð á svæðinu þar sem aðalatriðið er að hittast með börnunum og hafa skemmtilegt saman. Þessi ferð er á laugardegi og hefur verið vel sótt.

Við starfsfólk leikskólans erum afskaplega þakklát fyrir frábært foreldrafélag og eitt er víst að starf leikskólans væri ekki eins fjölbreytt, og raun ber vitni, ef félagsins nyti ekki við.

Með þessari tilnefningu viljum við hvetja foreldra og foreldrafélög til að taka Foreldrafélag leikskólans Undralands Flúðum sér til fyrirmyndar og vonandi verður það góða starf sem félagið stendur fyrir hvatning til annarra foreldrafélaga.

F.h. starfsfólks leikskólans Undralands Flúðum
Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir
Leikskólastjóri.



Orðsending frá Sláturfélagi Suðurlands.
Munið eftir deildafundinum 22. febr. nk.
Í Félagsheimili Hrunamanna Flúðum, kl.hálf níu.



Deildarstjóri

Aðalfundur Búnaðarfélags Hrunamanna

Aðalfundur Búnaðarfélags Hrunamanna verður haldinn á Hótel Flúðum miðvikudaginn 15. febrúar kl. 11:00. Venjuleg aðalfundarstörf og kosning nýs formanns þar sem núverandi formaður Aðalsteinn Þorgeirsson gefur ekki kost á sér. Léttur hádegisverður í boði félagsins. Við hvetjum fólk til að mæta á fundinn og hafa áhrif á störf félagsins. Nýir félagar velkomnir.
Stjórn Búnaðarfélags Hrunamanna

Þrjónakvöld:

Þrjónakvöld öll mánudagskvöld kl 20:00 í
Félagsheimilinu
félagsmiðstöðinni Zero. Allir velkomnir
Kvenfélagið



Gönguferðir í Hrunamannahreppi.

Ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps þakkar landeigendum og leiðsögumönnum fyrir gott samstarf og leiðsögn undanfarin ár.

Þetta árið ætla Helgi Már Gunnarsson leiðsögumaður að taka að sér að vera með leiðsögn og skipulag í gönguferðunum, honum til aðstoðar er Kolbrún Haraldsdóttir. Þau ætla að hafa svipaðan hátt á og undanfarin ár með skipulag á gönguferðum sem verða allar innansveitar.

Fljótlega munu þau hafa samband við ykkur, kærur landeigendur, til að afla leyfis til fara með hópana um landareign ykkar á komandi sumri og vonumst við til að þið takið erindi þeirra vel eins og undanfarin ár.

Með bestu kveðjum og von um jákvæð viðbrögð
Fh. ferða- og menningarnefndar, Valdís Magnúsdóttir



Downloaded from [shutterstock.com](https://www.shutterstock.com)

© iStockphoto.com

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Vegna óviðráðanlegra orsaka verður árshátíð félagsins, sem vera átti í febrúar, frestað til sunnudagsins 26. mars. Nánar auglýst í næsta Pésa.

--- 000 ---

Næsta **Opna hús** verður í Félagsheimilinu **miðvikudaginn 15. febrúar kl. 14:00**. Allir velkomnir.

Með kærri kveðju,
stjórnin

Samkaup strax

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00–19:00

Laugardaga: 10:00–19:00

Sunnudaga: 10:00–18:00

Sími: 486 6633



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu B.A. www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting –
Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til föstudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00



Hrunamannahreppur

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Verð ekki við næstu miðvikudaga.

Mun auglýsa þegar ég kem aftur til starfa.

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Upplit

Menningarklasi uppveita Arnessýslu

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Hotið er frá landnámi



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Flutningaþjónusta Unnars



Flúðasveppir óska eftir starfsmanni í fullt starf.

Starfið fellst í vélavinnu allt frá dráttarvélum og vinnuvélum í sérhæfð tæki. Einnig þrif á tækjabúnaði og á vinnusvæði. Mjög fjölbreytt starf. Starfsmaður getur hafið vinnu í mars.

Hæfni: Ökupróf er skilyrði, Lyftara próf, jákvæðni og sjálfstæði í starfi. Reynsla á vinnuvélum æskileg.

Hafa samband

sveppir@sveppir.is
eða í síma 6119911 og 8939911

Sokkabuxnakynning frá Levante

Laugardaginn 17. febrúar mun sölufulltrúi frá Levante heildsölunni koma og vera með sölukynningu á sokkabuxum á Högnastíg 10, Flúðum, milli klukkan 13 og 18. Mikið úrval er í boði af alls konar sokkabuxum, einnig af bolum, sokkum, nærbuxum, og barnasokkabuxum.

Allir velkomnir að koma og skoða/panta gæðavöru frá Ítalíu á heildsöluverði.



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Skeiða og Gnúpverjahr.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum eftir bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

Til sölu.

Heitur pottur (skel) til sölu.
Er staðsettur við Akurgerði 4.
Tilboð óskast send á netfang:
hruni@fludir.is fyrir 28. febrúar.





RAFMAGNSVERKSTÆÐI JENS OG RÓBERTS

**TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA**

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

**SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.**

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1-3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Að vera geðveik kvenfélagskona!

Í tímans rás hafa íslenskar konur haldið utan um börn og bú við mjög mismunandi aðstæður, oftar en ekki í erfiðum aðstæðum með ómegð, útslitnar og þreyttar. Þetta er mynd sem við getum ef til vill ekki gert okkur í hugarlund. Í dag eru áhyggjur okkar aðrar en kvenna allt fram á miðja síðustu öld og snúast ekki um harðindi, barnamissi eða búsiðfjar, áhyggjur okkar nútímakvenna snúast um menntun, starfsframa og fjölskyldu. Þegar lesið er um líf þessara kvenna, sem eru sorglega litlar heimildir um, heilsu þessara kvenna bæði líkamlega og andlega en þær voru á stundum sagðar móðursjúkar, sinnisveikar, taugaveiklaðar og svo framvegis, þessir sjúkdómar voru þeirrar náttúru að hvíslað var um þá. Þær konur sem upplifðu andleg veikindi báru ekki erfiðleika sína á torg heldur þjáðust í hljóði.

Ekki var mikið um félagskap á milli kvenna fyrr en kvenfélögin komu til. En ég held að það megi teljast fullvist að andleg heilsa kvenna hafi batnað til muna með tilkomu kvenfélaganna. Það að vera í félagskap annarra kvenna OG komast aðeins út af heimilinu hjálpar mikið þegar kvíði eða depurð er annars vegar. Síðan er svo mikilvægt að finna að maður tilheyri einhverjum hópi og hafa eitthvað til þess að hlakka til. Geðsjúkdómar voru nú ekkert mikið upp á borðinu í umræðum fyrr en svona síðustu 5-10 árin og þá var yfirleitt hvíslað um þá sem þjáðust af þessum vágesti. Þegar ég veikist alvarlega 2003 og reyni að fyrirfara mér, urðu allir í samfélaginu sem ég bý steinhissa en enn var hvíslað um það sem mig hrjáði. Ég tók þá ákvörðun að segja öllum sem vildu heyra og þeim sem ekki vildu hlusta frá geðveikinni minni og núna kem ég að þessu með geðveiku kvenfélagskonuna.

Ég hafði verið með mikinn kvíða og þunglyndi og áunnið mér félagsfælni í þessu öllu saman, þið getið kannski ímyndað ykkur hversu erfitt það hefur verið að vinna í kaffi, erfidrykkju eða einhverju sem kvenfélagskona þarf að taka þátt í og geta ekki sagt nei eða segja nei og fá samviskubit. Og ég gat bara ekki sinnt þessum skyldum mínum, þá er gott að vera í félagskap sem skilur að stundum getur maður ekki meira og þarf að fá að ná sér í ró og næði og þannig var það í um það bil 10 ár, ég tók ekki þátt í neinu, vann ekki við neitt og var ekki sett í nefndir því ég hafði beðið um það en samt var ég ennþá kvenfélagskona. Ég hef smám saman komið til baka og unnið þegar ég hef getað, tekið þátt í því sem ég hef treyst mér í og talað opinskátt um líðan mína og hef fundið kærleika og vináttu kvenfélagskvennanna í kringum mig. Og ég vona að ég hafi opnað umræðuna um geðveikina í mínum hópi og vona líka að það sé hvergi hvíslað um hana lengur því að geðveiki er eitthvað sem þarf að ræða opinskátt. Ég er geðveik kvenfélagskona og er gríðarlega stolt af því. (Samt hefur það ekki breyst að ég kann ekki að baka pönnur eða steikja kleinur en ég kann ýmislegt annað sem hefur komið að notum).

Ég vil þakka Kvenfélagi Hrunamanna allan þann rausnarlega stuðning sem það hefur veitt Batasetri Suðurlands, geðræktarmiðstöð. Þessi stuðningur er ómetanlegur ekki aðeins fjárhagslega heldur einnig að finna þessa góðvild í garð okkar Batasetursfólks, það gefur okkur styrk til þess að halda áfram að byggja upp miðstöð þar sem fólk getur unnið í bata sínum og valdeflst í gegnum þátttöku í fjölmörgum verkefnum sem snúa að bættri líðan.

Jóna Heiðís Guðmundsdóttir kvenfélagskona í Kvenfélagi Hrunamannahrepps.



Brynningarskálar - Vatnskör



Verð kr.
3.548



Verð kr.
5.990



Verð kr.
6.850



Verð kr.
7.790



Verð kr.
11.590



Verð kr.
12.480



Verð kr.
7.950



Verð kr.
8.790



Verð kr.
13.790



Verð kr.
20.090



Verð frá kr.
53.290



Verð frá kr.
97.726



Verð frá kr.
97.726

Einföld rúllugreip Frábært verð

Kr. 79.251
m/vsk



Rúllugreip sem tekur tvær rúllur



Með glussatjökkum til að færa armana inn og út

Kr. 345.464 m/vsk



Steinbitar

Eigum flestar stærðir af steinbitum á lager



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Hafið samband
og leitið tilboða

Frá Æskulýðsnefnd Smára

Námskeið fyrir börn og unglinga hófst í Reiðhöllinni á Flúðum 6. febrúar.

23 knapar eru skráðir til leiks frá hestamannafélögunum Smára og Loga. Reiðkennari er Rósa Birna Þorvaldsdóttir. Námskeiðið fer fram annan hvern mánudag: 6. febrúar, 20. febrúar, 6. mars, 20. mars, 3. apríl og 17. apríl. Tímasetningar hópa eru birtar á fésbókarsíðu Smáarakrakka. Námskeiðsgjald 9.000,- á þáttakanda sem þarf að vera skráður í Smára.

Uppsveitadeild Æskunnar í Reiðhöllinni á Flúðum hefst 25. febrúar.

Undirbúningsfundurinn var haldinn 30. janúar og var þar kynnt ný keppnisgrein í fimi. Skráning á fyrsta mót er opin til miðnættis 23. febrúar og fer fram á smarakrakkar@gmail.com. Fram þarf að koma nafn og kennitala knapa, nafn og fæðingunúmer hests og ósk um tónlist. Knapar þurfa að vera skráðir í Smára og hestar í Veraldarfeng. Undirbúningstími er 21. febrúar og þeir sem vilja nýta sér hann tali við Rósu Birnu s.847 9492

Reiðskóli fyrir byrjendur hefst 28. mars í Vorsabæ II. Leiðbeinandi er Elín

Moqvist. Kennit er vikulega í sex skipti. Miðað er við að þáttakendur séu ekki fæddir síðar en 2011 og séu skráðir í Smára. Hestar og reiðtygi verða til staðar fyrir knapana. Skólagjöld eru 20.000.- á barn, 30.000 fyrir systkyni. Skráning á smarakrakkar@gmail.com fyrir 20. febrúar. Undanfarin ár hefur myndast biðlisti í reiðskólann og hvetjum við fólk til að skrá sem fyrst.

Hestheimaferð er á döfinni 27. – 28. maí.



Allir viðburðir æskulýðsnefndar eru auglýstir á fésbókarsíðu Smáarakrakka.

Bankaupplýsingar æskulýðsstarfsins: 0325-26-039004 431088-1509

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR 2017

í Reiðhöllinni á Flúðum

SMÁRI



25. feb Barnaflokkur - þriggungur og fimi
10:00 Unglingaflokkur - fjórgangur og fimi

18. mars Barnaflokkur - fjórgangur og tölt
10:00 Unglingaflokkur - fimmgangur og tölt

8. apríl Barnaflokkur - smali
10:00 Unglingaflokkur – smali og skeið




Fritt inn – Allir velkomnir



Akrýlmálun ehf

Torfastaðir

Nesey ehf



Brekkuhestar



Veitandi ehf pípulagnajónusta

Styrktaraðilum Uppsveitadeildar Æskunnar er þakkaður stuðningurinn



Sorphirðudagatal Hrunamannahreppur 2017

janúar							febrúar							mars						
sun.	mán.	þri.	míð.	frí.	sko.	lau.	sun.	mán.	þri.	míð.	frí.	sko.	lau.	sun.	mán.	þri.	míð.	frí.	sko.	lau.
1	2	3	4	5	6	7				1	2	3	4				1	2	3	4
8	9	10	11	12	13	14	5	6	7	8	9	10	11	5	6	7	8	9	10	11
15	16	17	18	19	20	21	12	13	14	15	16	17	18	12	13	14	15	16	17	18
22	23	24	25	26	27	28	19	20	21	22	23	24	25	19	20	21	22	23	24	25
29	30	31					26	27	28	29	30	31		26	27	28	29	30	31	

apríl							maí							júní								
sun.	mán.	þri.	míð.	frí.	sko.	lau.	sun.	mán.	þri.	míð.	frí.	sko.	lau.	sun.	mán.	þri.	míð.	frí.	sko.	lau.		
						1																
2	3	4	5	6	7	8	7	8	9	10	11	12	13	4	5	6	7	8	9	10	11	
9	10	11	12	13	14	15	14	15	16	17	18	19	20	11	12	13	14	15	16	17	18	
16	17	18	19	20	21	22	21	22	23	24	25	26	27	18	19	20	21	22	23	24	25	
23	24	25	26	27	28	29	28	29	30	31				25	26	27	28	29	30	31		
30																						


júlí							ágúst							september								
sun.	mán.	þri.	míð.	frí.	sko.	lau.	sun.	mán.	þri.	míð.	frí.	sko.	lau.	sun.	mán.	þri.	míð.	frí.	sko.	lau.		
						1																
2	3	4	5	6	7	8	6	7	8	9	10	11	12	3	4	5	6	7	8	9	10	
9	10	11	12	13	14	15	13	14	15	16	17	18	19	10	11	12	13	14	15	16	17	
16	17	18	19	20	21	22	20	21	22	23	24	25	26	17	18	19	20	21	22	23	24	
23	24	25	26	27	28	29	27	28	29	30	31			24	25	26	27	28	29	30	31	

október							nóvember							desember								
sun.	mán.	þri.	míð.	frí.	sko.	lau.	sun.	mán.	þri.	míð.	frí.	sko.	lau.	sun.	mán.	þri.	míð.	frí.	sko.	lau.		
						1																
2	3	4	5	6	7	8	1	2	3	4	5	6	7	3	4	5	6	7	8	9	10	
9	10	11	12	13	14	15	8	9	10	11	12	13	14	10	11	12	13	14	15	16	17	
16	17	18	19	20	21	22	15	16	17	18	19	20	21	17	18	19	20	21	22	23	24	
23	24	25	26	27	28	29	22	23	24	25	26	27	28	24	25	26	27	28	29	30	31	

Litalykill:

- Nedri Hrunamannahreppur grá tunna
- Efri Hrunamannahreppur grá tunna
- Bláa tunnan – Allur Hrunamannahreppur
- RÖLLUPAST – allur Hrunamannahreppur

Athugið að losunardagar geta breytt átt fyrirvarar svo sem úr af veðri. Hirding fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri. Ekki verður tilkynnt um þetta sérstaklega. Flúðir skiptast milli svæða eftir Litlu laxi.



Sími: 577-5757—gamur@gamur.is



Dagur leikskólans var mánudaginn 6. febrúar. Börnin á Undralandi mættu í Samkaup strax og sungu fyrir gesti og gangandi. Einnig var sett upp listaverkasýning og verða listverkin til sýnis í búðinni næstu daga.